

– Ræðupúlt, gefið af ættingjum Sigríðar Júlíönu Magnúsdóttur og Árna Magnússonar frá Landakoti.  
 – Kristalskanna og glas á altari frá Kvenfélaginu Hvöt í Miðneshreppi.  
 – Þá bárust kirkjunni nýjar sálmbækur að gjöf, 100 að tölu.

Einnig bárust kirkjunni margar rausnarlegar peningagjafir en allar þessar gjafir eru hér enn aftur innilega þakkaðar. Stöðast en ekki síst er ánægjulegt að geta þess að gjafir voru einnig gefnar til byggingar safnaðarheimilis í Sandgerði. Er sú bygging löngu orðin tímabær, því að þörfin er orðin brýn þar sem að mestur hluti safnaðarins býr nú í töluverðri fjarlægð frá kirkjunni og þarfnast ápreifanlega nærtækari og rýmri aðstöðu fyrir safnaðarstarfsemi sína.

Eins og áður gefur að skilja á kirkjubyggingin á Hvalsnesi virðulegan sess í hugum sóknarbarna Hvalsnessóknar. Kirkjan er vissulega tignarlegur minnisvarði um fortíðina og minningar sem mega aldrei gleymast. En hún er meira en það, miklu meira. Hún er minnisvarði um þau gildi sem aldrei fyrnast. Í hátíðarguðsþjónustunni var ungbarn borið til skírnar. Sú skír var einmitt táknræn áminning um að þrátt fyrir hundrað árin, þá er



Hvalsneskirkja ekki eimungis minnismerki um löggu liðna tíð. Hún er ekki einungis safngripur sem inniheldur dauða hluti sem mölur og ryð eyða þegar tíminn vinnur á þeim. Heldur er hún vettvangur fyrir lifandi starf og tilbeiðslu safnaðarins. Í kirkjunni felum við börn okkar og reyndar alla okkar framtíð, Guði á vald. Hvalsneskirkja hundrað ára minnir okkur á þann Guð sem lætur okkur lífi halda, þann sem veitir okkur styrk, sama á hverju gengur, því hann ríkir frá eilífd til eilífdar. Kirkjan vitnar um kærleiksríkan Guð sem gefur okkur og börnum okkar hjarta framtíðarsýn, þrátt fyrir allt sem á gengur.

*Hjörtur Magni Jóhannsson.*

*Þetta haglega smíðaða ræðupúlt gáfu ættingjar Sigríðar Júlíönnu Magnúsdóttur og Árna Magnússonar frá Landakoti.*

Okkar aðal afgreiðsla er nú flutt í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Öll almenn bankþjónusta innlend sem erlend. Auk þess höfum við geymsluhólf og næturhólf til leigu.

Opið kl. 9.15—16.00

**LANDSBANKI ÍSLANDS**

**FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR  
KEFLAVÍKURFLUGVELLI**



**BANKI ALLRA LANDSMANNA**